



Fréttatilkynning frá Sögufélagi

Út er komin bókin:

Handa á milli. Heimilisiðnaðarfélag Íslands í hundrað ár

Höfundur: Áslaug Sverrisdóttir

Sögufélag hefur sent frá sér bókina *Handa á milli. Heimilisiðnaðarfélag Íslands í hundrað ár*. Höfundur bókarinnar er Áslaug Sverrisdóttir safnvörður við munadeild Árbæjarsafns og stundakennari.

Bókin rekur aldarsögu Heimilisiðnaðarfélagsins frá 1913 til 2013 og þróun þess í takt við samfélagsbreytingar í heila öld. Í fjörlegri frásögn greinir Áslaug frá því hvernig umræður um mikilvægi þess að koma á fót íslenskum heimilisiðnaði undir lok nítjándu aldar urðu kveikjan að stofnun Heimilisiðnaðarfélagsins. Í breyttum heimi iðnbyltingarinnar þurfti að endurskilgreina hugmyndir um hefðbundið handverk enda tóku vélar og verksmiðjur við framleiðslu gamla sveitasamfélagsins.

Í bókinni, sem er ríkulega myndskreytt, er sagt frá fjölbreyttri starfsemi Heimilisiðnaðarfélagsins, norrænu samstarfi, námskeiðum félagsins, verslunarrekstri og margvíslegri útgáfustarfsemi. Markmið Heimilisiðnaðarfélags Íslands var að auka og efla þjóðlegan heimilisiðnað, vekja áhuga á framleiðslu nytsamra hluta og varðveita um leið þjóðleg einkenni.

Handa á milli er 303 blaðsíður í stóru og fallegu broti. Kápan er einkar fögur með sérstakri vísun til íslensks heimilisiðnaðar í hundrað ár.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við:

Margréti Valdimarsdóttur, formann Heimilisiðnaðarfélagsins (heimilisiðnadur@hfi.is, s: 8480683).

Áslaugu Sverrisdóttur (aslaugs@hi.is)

Brynhildi Ingvarsdóttur, framkvæmdastjóra Sögufélags (brynhildur@sogufelag.is, s: 7816400)